




BARNA- & UNGLINGADAGSKRÁ RIFF 2021

Kæru leik- og grunnskólakennarar

RIFF - Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík býður, í samstarfi við List fyrir alla, öllum leik- og grunnskólanemum, á aldrinum 4-16 ára, ókeypis dagskrá sem samanstendur af alþjóðlegum stuttmyndum frá yfir 20 löndum.

RIFF er stærsta kvikmyndahátíð á Íslandi og einn vinsælasti menningarviðburður landsins. Barnadagskrá RIFF býður börnum og unglingum, á skólatíma, að njóta einstakra og áhrifamikilla stuttmynda hvaðanæva úr heiminum sem snerta á ýmiss konar samfélagslegum málum. Markmiðið er að hvetja, örva, skapa umræður, vekja viðbrögð og hrifningu og fá yngri áhorfendur til að hugsa á annan hátt um mikilvæg málefni.

Dagskráin samanstendur af eftirfarandi fimm stuttmyndaflokkum sem hæfa hverjum aldursflokki fyrir sig:

4+ Ævintýri og uppgötvanir

6+ Að tjá tilfinningar mínar

9+ Dagur í lífi mínu

12+ Heimurinn og ég

14+ Könnunarleiðangrar

Hver flokkur inniheldur 5-9 stuttmyndir sem eru í heildina 50-90 mínútur að lengd. Dagskráin er aðgengileg **frá 1. nóvember til 31. janúar 2022**. Hverjum stuttmyndaflokki fylgir stuðningsefni fyrir kennara sem hægt er að nýta við kennslu. Náms efnið byggir ýmist á hópavinnu, umræðum, íhugun og gagnrýnni hugsun. Margar stuttmyndanna henta vel sem viðbótarkennsluefni við námsgreinar sem þegar eru kenndar í leik- og grunnskólum landsins. Þetta er því frábært tækifæri til að sameina áhrifaríkar stuttmyndir og kennslu þar sem ólík efni eru sett í samhengi við þennan skapandi miðil.


Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík þakkar List fyrir alla kærlega fyrir aðstoðina við að koma stuttmyndadagskrá hátíðarinnar til allra leik- og grunnskóla á landinu.

Fyrir frekari upplýsingar og athugasemdir vinsamlegast hafið samband við Auði Elísabetu Jóhannsdóttur, framleiðenda RIFF - Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Netfang: production@riff.is.



ÆVINTÝRI OG UPPGÖTVANIR


Sem barn eru hinir minnstu hlutir áhugaverðir og allt er ævintýri. Flokkurinn samanstendur af spennu- og dæmisögum með fjölbreyttu og litríku sjónarspili. Í gegnum ógleymanlegar og yndislegar persónur, er leitast við að fá börnin til að upplifa sínar ýmsu tilfinningar.



Lucia Carlini
IT 2020 / 2 min

ÚLFABAUNIR


Tunglelskur úlfur klífur fjallstind til að vera sem næst mánanum.



Julie Rembauville, Nicolas Bianco-Levrin
FR 2020 / 6 min

FJÖÐRIN KÍKÍ

Kanarifuglinn Kíkí þekkir aðeins búið sitt en flýgur einn daginn út í óvissuna.



Marina Moshkova
RU 2020 / 6 min

TEPPI


Óralangt í burtu, í isköldu norðrinu, býr úrillur isbjörn. Dag einn fær hann til sín óvæntan gest.



Oana Lacroix CH 2021 / 6 min

RADDLAUSI SÖNG-FUGLINN


Saga af fjaðralausum næturgala sem getur ekki sungið lengur.



Milen Vitanov DE, BG 2020 / 8 min

MOLI


Fjórir norðurskautshérar finna furðuveru og verða ekki samir.



Evgenia Golubeva RU 2020 / 5 min

NORNIN OG BARNIÐ


Gömul norn þarf barn fyrir galdur sem á gera hana unga að nýju.



Lasse Persson SE 2021 / 20 min

LIST Á ÍSSKÁPNUM


Í gegnum teikningar kynnumst við hugmyndum barna um hvaðeina sem fangar ímyndunaraflíð.



Lasse Persson SE 2021 / 4 min

KÓRÓNA Á ÍSSKÁPNUM

Í gegnum teikningar kynnumst við hugmyndum barna um kórónuveiruna.



Lasse Persson SE 2021 / 5 min

BLÓÐ Á ÍSSKÁPNUM

Í gegnum teikningar kynnumst við hugmyndum barna um blóð.



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

Alþjóðleg Kvikmyndahátíð í Reykjavík | Reykjavík International Film Festival
Tel +354 561 8337 | www.riff.is | Tryggvagata 17, 101 Reykjavík, Ísland



List fyrir alla



ÆVINTÝRI OG UPPGÖTVANIR

UMRÆÐUEFNI SEM VERT ER AÐ HAFA Í HUGA:

Uppvöxtur, heimsfaraldur, vinátta, fólksflutningar, fjölskylda, tilfinningar.

HUGMYNDIR AÐ KENNSLUEFNI:

Stuttmyndirnar gefa færi á samræðum fyrir og eftir sýningar myndanna. Þær eru valdar út frá mismunandi sjónarhornum og nálgunum og í þeim er að finna hinar ýmsu frásagnir og hugmyndir sem börnin geta tengst. Nauðsynlegt er að reyna að nýta stuttmyndirnar sem tækifæri fyrir þau að tjá sig um leið og þau reyna að skilja tilfinningar sínar, drauma og þrár. Með tilliti til þessa er mælt með eftirfarandi.

ÁÐUR EN MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um kvikmyndir almennt. Spyrið börnin hverjar uppáhalds kvikmyndir þeirra eru og ræðið hvers vegna myndir eru í uppáhaldi eða ekki í uppáhaldi. Mælt er með að kennarar og leiðbeinendur horfi á eða lesi sér til um myndirnar áður en þær eru sýndar börnunum svo hægt sé að segja þeim stuttlega frá um hvað þær fjalla. Einnig er mælt til að kennarar hvetji börnin til að skoða tilfinningar sínar og upplifun í tengslum við myndirnar. Seinna gefst þeim færi á að tengja sig betur við spurningarnar sem fylgja í kjölfar myndarinnar. Velkomid er að aðlagða æfingarnar að hentugleika. Hérna er áhersla lögð á að hvetja börnin til að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og finna sköpunargáfu sína.

EFTIR MYNDINA:

Manstu eftir persónunum? Nefndu þær og lýstu.

Áttu þér eftirlætis persónu?

Af hverju líkar þér best við þessa persónu?

Hvernig lýsir þú þessari persónu?

Langar þig að vera persóna í bíómynd? Hvernig væri hún? Væri hún kannski dýr, hvaða dýr? Hver yrðu ævintýrin þín? Nefndu þau!

Búðu til persónu sem þú getur samsvarað þig við. Teiknaðu hana og segðu af hverju þú getur samsvarað þig henni. Segðu einnig frá öllum hennar ævintýrum.

Teiknaðu upp aðstæður sem þú manst eftir að hafa hlotið einhver meiðsli og persónuna sem hjálpaði þér (líkt og í Ísskápa stuttmyndunum þremur).



AÐ TJÁ TILFINNINGAR MÍNAR


Það er alltaf erfitt að finna réttu orðin, sérstaklega þegar þú ert að uppgötva óendanlega möguleika tungumálsins. Það er mikilvægt fyrir barn að finna hinar ýmsu leiðir til að tjá tilfinningar sínar og líðan. Dagskráin býður áhorfendum að einbeita sér að innri tilfinningum sem er góð leið til að uppgötva okkur sjálf, á meðan kafað er ofan í heim kvikmyndanna.



José Prats, Álvaro Robles
ES, FR 2020 / 12 min

REGNHLÍFAR

Lítil stúlka sem elst upp undir verndarvæng föður síns lærir að horfast í augu við það sem hún óttast.



Magnus Fredriksson SE 2021 / 14 min

FLÓÐIÐ MIKLA

Eftir mikla flóðbylgju fljóta tveir vinir niður ánnu á húspaki, hitta furðuverur og verða vitni að mikilli mengun.



Liss-Anett Steinskog NO 2021 / 11 min

BÖRNIN


Börn uppgötva töfrastaði innan um trjágreinar sem fullorðna fólkkið vildi fjarlægja.



Natalia Malykhina NO 2021 / 10 min

URSA - SÖNGUR NORÐURLJÓSANNA


Ísbjarnarhúnn er aleinn við dimmt norðurskaut. Norðurljós og fallett lag leiða hann vonandi til móður sinnar.



Hélène Ducrocq FR 2020 / 11 min

ÚLFUR

Ylfingur yfirgefur greni sitt í fyrsta sinn án vitundar móður sinnar og týnist og verður hræddur.



Yi-Han Jhao TW 2020 / 5 min

ÆRSLAGANGUR

Börn ærslast með skordýrum í garðinum.



AÐ TJÁ TILFINNINGAR MÍNAR

UMRÆÐUEFNI SEM VERT ER AÐ HAFNA Í HUGA:

Aðskilnaður, loftslagsbreytingar, samfélag, fjölskylda, tilfinningar.

HUGMYNDIR AÐ KENNSLUEFNI:

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður fyrir og eftir sýningar myndanna. Þær eru valdar út frá mismunandi sjónarhornum og nálgunum og í þeim er að finna hinar ýmsu frásagnir og hugmyndir sem börnin geta tengst. Nauðsynlegt er að reyna að nýta stuttmyndirnar sem tækifæri fyrir þau að tjá sig um leið og þau reyna að skilja tilfinningar sínar, drauma og þrár. Með tilliti til þessa er mælt með eftirfarandi.

ÁÐUR EN MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um kvikmyndir almennt. Spyrjið börnin hverjar uppáhalds kvikmyndir þeirra eru og ræðið hvers vegna myndir eru í uppáhaldi eða ekki í uppáhaldi. Mælt er með að kennarar og leiðbeinendur horfi á eða lesi sér til um myndirnar áður en þær eru sýndar börnunum svo hægt sé að segja þeim stuttlega frá um hvað þær fjalla. Einnig er mælt til að kennarar hvetji börnin til að skoða tilfinningar sínar og upplifun í tengslum við myndirnar. Seinna gefst þeim færi á að tengja sig betur við spurningarnar sem fylgja í kjölfar myndarinnar. Velkommið er að aðlagða æfingarnar að hentugleika. Hérna er áhersla lögð á að hvetja börnin til að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og finna sköpunargáfu sína.

EFTIR MYNDINA:

Hvaða persóna eða saga fannst þér best? Af hverju?

Hvernig myndir þú lýsa þessari persónu eða sögu? Sérðu þú þig í henni?

Upplifðir þú einhverjar sérstakar tilfinningar eftir myndina? Getur þú lýst þeim?

Tengir þú við einhverja persónu eða sögu? Af hverju? Hvernig?

Hefur þú einhvern tíma upplifað svipaðar tilfinningar eða sögur sem þú sást í myndunum? Viltu deila þeim með hinum í hópnum?

Ef þú gætir sagt sögu í kvikmynd eins og þessari, hvernig myndi hún vera?

Reyndu að búa til sögu um tilfinningar eða persónu sem veitir þér innblástur.

Notaðu leiki eins og þá sem birtast í myndunum.



DAGUR Í LÍFI MÍNU


Dagurinn í dag er óendanlegur heimur tilfinninga og ævintýra. Í stuttmyndum þessa dagskrárflokks er lögð áhersla á að gera áhorfendur spennta fyrir hversdagslífinu. Hver mynd fjallar um að njóta stundarinnar, þess sem okkur þykir vænt um, lífsins sem umvefur okkur og að elska og virða hversdaginn.



Rachel Samson CA 2020 / 1 min

KATTAGARÐUR


Við fáum að fylgjast með ótrúlegum ævintýrum kisu sem læðist um almenningagarð í mjálmandi fjöri.



Ngima Gelu Lama PT 2020 / 14 min

AÐLÖGUN

Táningur uppgötvar að ástin á undir högg að sækja í heimi hrekkjusvína og það krefst hugrekkis að standa uppi í hárinu á þeim.



Sanne Rovers NL 2020 / 22 min

#LOKLOKOGLÆS

Hvernig upplifðu hollensk börn samkomutakmarkanir? Krakkarnir svara því með leikgleði að vopni.



Manuela Eguía MX, AR 2020 / 2 min

SÆLL, AFI


Leikstjórinn fangar einn dag í lífi sínu í Mexíkóborg fyrir afa sinn í Argentínu.



Morten Evelid NO 2020 / 16 min

GRIKK EÐA GOTT

Magda, ellefu ára þungarökkari, hefur engan til að koma með sér á hverfisröltið á Hrekkjavökunni.



Laura Van Haecke BE 2020 / 20 min

ÖSKRANDI

Bo er spennt fyrir helginni með pabba sínum en þegar hann mætir ekki þarf hún að reiða á sig sjálfa.



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

Alþjóðleg Kvikmyndahátíð í Reykjavík | Reykjavík International Film Festival
Tel +354 561 8337 | www.riff.is | Tryggvagata 17, 101 Reykjavík, Ísland



List fyrir alla



DAGUR Í LÍFI MÍNU

UMRÆÐUEFNI SEM VERT ER AÐ HAFA Í HUGA:

Fjölskylda, daglegar venjur, einelti, heimsfaraldur, félagsleg sjálfsmynd, að eldast, tilfinningar gagnvart fjölskyldunni.

HUGMYNDIR AÐ KENNSLUEFNI:

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður fyrir og eftir sýningar myndanna. Þær eru valdar út frá mismunandi sjónarhornum og nálgunum og í þeim er að finna hinar ýmsu frásagnir og hugmyndir sem börnin geta tengst. Nauðsynlegt er að reyna að nýta stuttmyndirnar sem tækifæri fyrir þau að tjá sig um leið og þau reyna að skilja tilfinningar sínar, drauma og þrár. Með tilliti til þessa er mælt með eftirfarandi.

ÁÐUR EN MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um kvikmyndir almennt. Spyrjið börnin hverjar uppáhalds kvikmyndir þeirra eru og ræðið hvers vegna myndir eru í uppáhaldi eða ekki í uppáhaldi. Mælt er með að kennarar og leiðbeinendur horfi á eða lesi sér til um myndirnar áður en þær eru sýndar börnunum svo hægt sé að segja þeim stuttlega frá um hvað þær fjalla. Einnig er mælt til að kennarar hvetji börnin til að skoða tilfinningar sínar og upplifun í tengslum við myndirnar. Seinna gefst þeim færi á að tengja sig betur við spurningarnar sem fylgja í kjölfar myndarinnar. Velkomið er að aðlagða æfingarnar að hentugleika. Hérna er áhersla lögð á að hvetja börnin til að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og finna sköpunargáfu sína.

EFTIR MYNDINA:

Var þetta góð stuttmynd? Hvers vegna?

Áttu þér eftirlætis stuttmynd? Af hverju?

Getur þú lýst henni með nokkrum orðum?

Getur þú tengt þig við þessi orð?

Heldur þú að svona gæti komið fyrir þig eða einhvern í kringum þig?

Kannt þú svipaða sögu sem þú vilt deila með okkur?

Langar þig til að gera kvikmynd um eitthvað úr þínu daglega lífi? Um hvað yrði hún?


Segðu okkur þína sögu. Skrifaðu smásögu um ævintýri dagsins sem þú vildir gjarnan sjá á stóra tjaldinu. Segðu okkur allt um hana.

Taktu upp dag í lífi þínu. Skráðu augnablikin sem þér finnast dýrmæt og gleðja þig. (Þessu gæti síðar verið ritstýrt af kennara eða öðrum og úr því gerð stutt kynning.)



HEIMURINN OG ÉG

Meðvitund um stöðu okkar í heiminum og ábyrgðina sem hún felur í sér er eitt fyrsta skrefið í því að fullorðnast. Að verða meðvituð um stöðu okkar hér og nú, og hver við erum. Hvað við getum gert til að breyta umhverfi okkar, tilvist og heiminum er hugmyndin sem þessi stuttmyndasería vinnur með. Hún speglar líf okkar og heimsins í dag.



Paul Bush DK 2020 / 7 min

OFURPLASTSSVALL

Teiknuð stórsýning alls konar plasts, sem finnst í vegköntum, skranbúðum, á ströndinni og háloftum.



Christian Zetterberg SE 2021 / 9 min

STURTUSTRÁKAR

Eftir erfiðan æfingarleik fara Viggó og Noel í leik sem reynir á mörk þeirra og karlmennsku.



Kristian B. Walters NO 2020 / 23 min

THEA & TUVA

Systurnar Thea og Tuva finna fimm ára krakka aleinan í verslunar-miðstöð og taka hann með sér. Gamanið kárnar þó fljótlega.



Clemente De Muro, Davide Mardegan IT 2020 / 10 min

TÆKNIN


Ferðalangur kynnist þorpsbúa sem reynir að kenna honum aðferðafræði sína við að tálðraga konur.



Viktor Jörneryd SE 2021 / 11 min

DRENGUR Í GLUGGA

Cedric grunar að Elisu þyki drengurinn í glugganum áhugaverðari en glugginn sem þau eiga að ljósmynda.



Zamarin Wahdat DE 2020 / 13 min

BAMBIRAK

Sendill þarf að hafa sig allan við á fyrsta degi í nýju starfi þegar átta ára dóttir hans laumar sér um borð í bilinn.

HEIMURINN OG ÉG

UMRÆÐUEFNI SEM VERT ER AÐ HAGA Í HUGA:

Loftslagsbreytingar, vinátta, kynhneigð, ást, fólksflutningar, fyrsta ástin, LGBT, tilfinningar.

HUGMYNDIR AÐ KENNSLUEFNI:

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður fyrir og eftir sýningar myndanna. Þær eru valdar út frá mismunandi sjónarhornum og nálgunum og í þeim er að finna frásagnir og hugmyndir sem börnin geta tengst. Nauðsynlegt er að reyna að nýta stuttmyndirnar sem tækifæri til að tjá sig um leið og þau reyna að skilja tilfinningar sínar, drauma og þrár. Með tilliti til þessa er mælt með eftirfarandi.

ÁÐUR EN MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um kvikmyndir almennt. Spyrjið börnin hverjar uppáhalds kvikmyndir þeirra eru og ræðið hvers vegna myndir eru í uppáhaldi eða ekki í uppáhaldi. Mælt er með að kennarar og leiðbeinendur horfi á eða lesi sér til um myndirnar áður en þær eru sýndar börnunum svo hægt sé að segja þeim stuttlega frá um hvað þær fjalla. Einnig er mælt til að kennarar hvetji börnin til að skoða tilfinningar sínar og upplifun í tengslum við myndirnar. Seinna gefst þeim færi á að tengja sig betur við spurningarnar sem fylgja í kjölfar myndarinnar. Velkomið er að aðlagða æfingarnar eftir hentugleika. Hérna er áhersla lögð á að hvetja börnin til að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og finna sköpunargáfu sína.

EFTIR MYNDINA:

Við hvaða umfjöllunarefni í myndinni tengir þú?

Hvert þessara umfjöllunarefna sem þú tengist, finnst þér vera mest viðeigandi eða mikilvægast. Hvers vegna?

Hvernig heldur þú að persónurnar bregðist við þessum hugmyndum? Rétt eða rangt? Af hverju?

Þessar hugmyndir sem þú hefur áhuga á, hvaða þýðingu hafa þær í þínu umhverfi eða þínu lífi? Getur þú deilt því með okkur?

Hvaða sögu heldur þú að sé mikilvægt að segja í kvikmynd, miða við þessi umræðuefni? Af hverju?

Manstu eftir hreyfistuttmyndinni? Þetta getur þú! Gerðu hreyfimynd þar sem þú segir sögu sem tengjast hugmyndum sem þú hefur áhuga á!

Safnaðu saman plasti, sem þú finnur heima hjá þér, gömlum pennum, kveikjurum, hnífapörum og ýmsu öðru. Hver hópur getur búið til skúlptúr úr dótinu. Þetta er góð leið til að endurnýta efnið og gefa þessum hlutum nýtt líf.



KÖNNUNARLEIÐANGRAR


Að fullorðnast er flókið ferli. Það felur í sér allskonar flóknar tilfinningar og margs konar ævintýri sem geta verið einstök. Könnunardagskráin samanstendur af stuttmyndum sem eru frumsýndar á mörgum mikilvægustu kvikmyndahátíðum heimsins. Þær fjalla á fagurfræðilegan hátt um efni sem ætlað er unglingum. Þessar myndir gefa áhorfendum tækifæri á að skilja sitt sjálf og að spegla sínar innri tilfinningar og möguleikann á listrænni tjáningu á tungumáli kvikmyndanna.



Marija Apcevska MK, RS 2021 / 15 min

NORÐURPÓLL


Margo upplifir sig útundan en í hennar huga gæti meydómsmissir hjálpað henni að finna sér stað í tilverunni.



Jerry Carlsson SE 2020 / 15 min

NÆTURLESTIN


Óskar er á heimleið með næturlestinni er hann hittir loks einhvern sem hefur sömu þrár.



Tristan Aymon CH 2020 / 29 min

SVÖRT HOLA

Hjólábrettakappi finnur veikburða dýr í holu og þarf að kljást við óttann við hið óþekkta.



Katarina Rešek - Kukla SI 2021 / 23 min

SYSTUR

Þrjár „strákastelpur“ sem hata feðraveldið af lífi og sál lenda í slag við strákahóp og kynnast óvæntum samherja.



Andreea Cristina Bortun RO 2021 / 19 min

Í RÖKKRI

Saga tánings sem leitar að vini sínum á heitum og óhugnanlegum strætum borgarinnar.



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

Alþjóðleg Kvikmyndahátíð í Reykjavík | Reykjavik International Film Festival
Tel +354 561 8337 | www.riff.is | Tryggvagata 17, 101 Reykjavík, Ísland



List fyrir alla



KÖNNUNARLEIÐANGRAR

UMRÆÐUEFNI SEM VERT ER AÐ HAGA Í HUGA:

Vinátta, kynhneigð, LGBT, feðraveldi, systurhlutverk, uppvaxtarár, félagslegur þrýstingur, samfélag, ást.

HUGMYNDIR AÐ KENNSLUEFNI:

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður fyrir og eftir sýningar myndanna. Þær eru valdar út frá mismunandi sjónarhornum og nálgunum og í þeim er að finna hinar ýmsu frásagnir og hugmyndir sem börnin geta tengst. Nauðsynlegt er að reyna að nýta stuttmyndirnar sem tækifæri fyrir þau að tjá sig um leið og þau reyna að skilja tilfinningar sínar, drauma og þrár. Með tilliti til þessa er mælt með eftirfarandi.

ÁÐUR EN MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um kvikmyndir almennt. Spyrjið börnin hverjar uppáhalds kvikmyndir þeirra eru og ræðið hvers vegna myndir eru í uppáhaldi eða ekki í uppáhaldi. Mælt er með að kennarar og leiðbeinendur horfi á eða lesi sér til um myndirnar áður en þær eru sýndar börnunum svo hægt sé að segja þeim stuttlega frá um hvað þær fjalla. Einnig er mælt til að kennarar hvetji börnin til að skoða tilfinningar sínar og upplifun í tengslum við myndirnar. Seinna gefst þeim færi á að tengja sig betur við spurningarnar sem fylgja í kjölfar myndarinnar. Velkomið er að aðlagða æfingarnar að hentugleika. Hérna er áhersla lögð á að hvetja börnin til að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og finna sköpunargáfu sína.

EFTIR MYNDINA:

Hver þótti þér vera besta myndin?

Hvað þótti þér best við myndina? Persónurnar, kvikmyndatakan, söguþráðurinn, lýsingin, hljóðið ... Hvað þótti þér best og hvers vegna?

Getur þú séð sjálfan þig í einhverju þessara ofangreindra atriða? Hvernig?

Eiga þessar myndir eitthvað sameiginlegt? Hvernig eða af hverju eru þær ólíkar?

Heldur þú að þessar sögur eða aðstæður í myndunum gætu hent einhvern nálægt þér?

Tengir þú við einhverja persónu? Hverja þeirra?

Þekkir þú þessar tilfinningar sem persónan sýnir? Hverja þeirra?

Manst þú eftir persónulegri sögu sem þú getur tengt tilfinningunum sem þú átt sameiginlega með persónunni?

Breyttu sögu þinni í stutt handrit! Já, sögurnar þínar eru mikilvægar!